Virðing
Ábyrgð
Vellíðan

Rýmingaræfing í Garðaskóla 20. nóvember 2013

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR, MAT OG ÁÆTLUN UM ÚRBÆTUR

Rýmingaræfing var haldin í Garðaskóla miðvikudaginn 20. nóvember. Æfingin var undirbúin og skipulögð af áfallaráði skólans. Áfallaráð fór yfir viðbragðs- og rýmingaráætlun Garðaskóla haustið 2013, uppfærði texta og gerði lagfæringar innan skólans eftir því sem nefndarmenn komu auga á þörf fyrir slíkt. Meðal þess sem lagfært var má nefna:

- kennsluráðgjafi útbjó skilti sem sýna neyðarútganga úr hverri kennslustofu í skólanum
- áfallamappa Garðaskóla var uppfærð og verður framvegis staðsett á þremur stöðum í skólahúsnæðinu
- lagfæringar voru gerðar í húsnæðinu til að tryggja öryggi neyðarútganga: lásum breytt, húsgögn færð til o.s.frv.
- fundað var með starfsmanni frá Öryggismiðstöðinni og viðvörunarkerfi skólans prófað
- eldvarnarnámskeið var haldið fyrir alla starfsmenn 13. september 2013
- rýmingaráætlun var kynnt á fundum með kennurum og öðrum starfsmönnum í nóvember 2013
- umsjónarkennarar kynntu rýmingaráætlun fyrir öllum nemendum í umsjónartímum í nóvember 2013

Tímasetning æfingar var tilkynnt starfsmönnum með viku fyrirvara og nemendum samdægurs. Öryggismiðstöðin vissi af æfingunni en slökkvilið var ekki kallað til að þessu sinni. Nemendur í stofum 202, 210 og 215 æfðu neyðarútganga út á þak skólans en fóru síðan aftur inn í kennslustofur sínar. Aðrir nemendur æfðu útgönguleiðir út á skólalóð og hittust á körfuboltavelli skólans. Hópar í útihúsum voru ekki með í þessari æfingu en kennarar þar voru sérstaklega beðnir um að taka eftir hvort þeir yrðu varir við viðvörunarhringingar eða æfinguna á annan hátt.

Viðvörun var sett af stað kl. 11.45 miðvikudaginn 20. nóvember. Allir nemendur og starfsmenn yfirgáfu húsið skv. rýmingaráætlun á yfirvegaðan hátt. Rýming tók innan við 6 mínútur. Ekki tókst að ljúka nafnakalli á körfuboltavelli og æfingunni lauk rétt eftir kl. 11.00. Nemendur tóku þá örlítið lengdar frímínútur og stór hópur starfsmanna settist saman á kaffistofu og ræddi um hvernig æfingin hefði gengið og hvað hefði betur mátt fara.

Rafræn könnun var send öllum starfsmönnum Garðaskóla í tölvupósti 20. nóvember og þeir voru beðnir um að svara fyrir 22. nóvember. 31 svöruðu könnuninni sem er rúmlega 60% starfsmanna sem tóku þátt í æfingunni. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar hér að neðan. Svör við hverja spurningu er birt í skífuriti, opin svör starfsmanna eru sett upp í töflu.

HVERSU VEL GEKK RÝMINGARÆFINGIN Í GARÐASKÓLA 20. NÓVEMBER 2013?



VAR UNDIRBÚNINGUR RÝMINGARÆFINGARINNAR NÆGILEGUR?



Þekkir þú viðbragðs- og rýmingaraætlun Garðaskóla?



Veist þú hvert þitt hlutverk er þegar rýma þarf húsnæðið?



Tvær opnar spurningar voru í könnuninni og hér að neðan hafa svör starfsmanna verið dregin saman. Nöfnum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum hefur verið eytt út úr svörunum.

HVAÐ GEKK VEL Í UNDIRBÚNINGI OG FRAMKVÆMD ÆFINGARINNAR?

Tíu starfsmenn svöruðu að allt hefði gengið vel án þess að útskýra það nánar. Önnur ummæli voru:

- Eldvarnarnámskeiðið í september mikilvægt og skapaði góða grunnþekkingu.
- Undirbúningur góður.
- Ég vissi hvað ég átti að gera og það var skýrt. Frábært að skoða síðan hvað betur hefði mátt fara og gott að heyra frá öðrum sem hafa unnið í öðrum skólum hvernig þeir gera þar og margt hægt að nýta frá þeim.
- Allir rólegir og yfirvegaðir
- Nemendur brugðust skjótt við og fóru strax út um gluggann út á þakið.
- Nemendur vissu greinilega hvað þau áttu að gera og voru róleg allan tímann og gerðu eins og þau höfðu fengið fyrirmæli um.
- Allir vissu/kunnu sitt hlutverk.
- Það gekk mjög vel að koma þeim út um glugga.
- Skýr fyrirmæli og allir rólegir og höfðu skilning á því af hverju þyrfti að æfa rýmingu.
- Rýmingin sjálf gekk vel fyrir sig. Ég var í eyðu og fór því ekki út með hóp en sýndist allt ganga nokkuð vel.
- Allir gerðu það sem þeir áttu að gera og undirbjuggu nemendur.
- Allir voru rólegir og yfirvegaðir, stuttan tíma tók að rýma skólann.
- Mér fannst flestir nemendur taka þetta af alvöru sem segir mér að kennarar hafa undirbúið nemendur vel.
- Flest allt er varðar undirbúning gekk vel. Rýmingin gekk vel í framkvæmdarhlutanum.

HVAÐ HEFÐI MÁTT BETUR FARA Í UNDIRBÚNINGI OG FRAMKVÆMD ÆFINGARINNAR?

Fimm svöruðu að allt hefði verið í góðu lagi án þess að útskýra það frekar. Önnur ummæli voru:

- Æfingin sýndi okkur hvað við þurfum að hugsa betur og leysa.
- Mikilvægt að fara yfir allt skipulag rýmingar með nemendum á glærum. Þannig að allir kunni skil á öllum útgönguleiðum skólans og þekki flóttaleiðir, hljóðmerki og þeim gert ljós alvarleiki málsins ef til þess kæmi á hættustund. Td. að það hættulegasta er oft eitraðar lofttegundir o.fl.
    - Eldvarnarhurðir - veit ekki alveg hvernig þær eru þ.e. hvaða hurðir eiga að vera lokaðar og hverjar ekki.
    - Nauðsynlegt að umsjónarkennarar fari yfir með sínum umsjónarhóp í byrjun skólaárs hvaða útgönguleiðir séu vænlegar og hvernig skuli bregðast við ef til rýmingar kemur
- Skóhlífar og blýantar mættu vera vera tilbúin á skrifstofu.
- Útihús:
    - Útihúsin voru ekki með, það finnst mér óeðlilegt.
    - heyrðist ekkert í brunabjöllunni
    - ekki hægt að hringja út úr húsunum
    - enginn hringdi í útihúsin til að láta vita
    - Enginn varð var við framkvæmd æfingarinnar í útihúsi 2.
- Heyrði illa í brunabjöllunni
    - Vorum með tónlist í gangi og heyrðum í brunaboðanum þegar lagið var búið. Kannski ætti maður að banka upp á hjá "nágrannanum" á leiðinni út ef hurðin er ekki opin.

  - Mér fannst lítill munur á bjölluhringingunni.
  - Átti von á sírenuhljóði í stað bjöllunnar. Bjallan var ekki nógu hávær ef verið var að spila tónlist í kennslustofunni - jafnvel þótt aðeins væri verið að horfa á bíómynd.
- Nemendur sem fóru út á þak höfðu áhyggjur af því hvað tæki við þar ef eldur væri í raun laus.
- Það má vera meiri regla á hópunum úti, nemendur í tvöfaldri röð eða eitthvað skipulag á hópum.
  - Smá „kaós fílingur“ fyrir utan skólann en með þeim atriðum sem komu fram eftir á er auðvelt að laga það
  - Spurning hvort hver kennari eigi að eiga sinn stað (úti) til að fara á með sína nemendur í tilfellum sem þessum.
  - Ég tók eftir því að krakkarnir áttu erfitt með að vera kyrr á sínum stað þ.e. hjá sínum kennara og hópi þegar út var komið. Mikilvægt að það komist til skila til þeirra, þetta eru ekki fríminútur!
  - Þeir nemendur sem ýmist voru í eyðu eða sundi þegar rýmingin fór fram, virtust hálfumkomulausir og e.t.v. ekki ljóst hvert þeir ættu að fara eða hver ætti að halda utan um skráningu þeirra.
  - Það áttuðu sig ekki allir á því að bekkurinn átti að vera á sama stað við manntal á körfuboltavellinum.
- Manntalið úti hefði getað verið betur framkvæmt.
  - Manntal er vandamál sem þarf að finna aðra lausn á.
  - Er ekki sannfærður um skráningin hafi virkað nógu vel.
  - Virkar ekki að hafa hópalistana í möppu og fletta hópunum upp úti á skólalóð. Hefði orðið enn verra ef úti væri vindur og/eða úrkoma.
  - Ég fékk ekki nafnalista úti en var með einn sjálf.
  - Skynsamlegt að vera með nafnalista með sér
  - Hefði mátt vera með hópalista svo hægt væri að lesa upp.
  - Hvernig á að telja nemendur af skólasafni? úr eyðum?
  - Útprentuðu listarnir gengu ekki upp en ábending um að mappa með hópalistum væri í hverri stofu er áhugaverð. Einnig að gott er að vera með gul og græn spjöld.
  - Rauð og græn spjöld hjá kennurum til að gefa merki um hvort allir séu fundnir í hópnum
- Hvernig á að bregðast við þegar nemendur eru t.d. að skrópa, á að fara að leita af þeim?
  - Svo eru það "Hagkaupsnemendurnir?"
  - Þrír af nemendum mínum voru ekki mættir þegar brunaboðinn fór í gang. Ég leitaði að þeim út á íþróttavelli en fann þá ekki. Ég var í forfallakennslu, væntanlega væri kennarinn búinn að skoða hvort nemendur væru skráðir veikir eða fjarverandi.
- Þarf að huga að fólki sem stendur við allar inngönguleiðir í skólann og kemur í veg fyrir að fólk fari aftur inn í húsið.
- Gjallarhornið virkar ekki sem skyldi, heyrðist lítið í því.
  - Heyrðist lítið í gjallarhorninu.
  - Heyrðist ekkert í gjallarhorni hvenær æfingin væri búin.
- Ekki láta vita aður þegar æfing er.
  - Þegar nemendur komu til mín voru þeir ekki með námsgögn og spurðu hvort ég vissi ekki af æfingunni. Ég skyldi þetta þannig að ég ætti að byrja að kenna og síðan þegar bjallan færi af stað byrjaði æfingin.
  - Nemendur voru ekki vissir á hvort þeir ættu að koma með bækur í kennslustundina.
- Endurskoða myndir af neyðarútgöngum:
  - Ábendinar svo sem að rýming úr stofum 201 og 203 ætti að fara fram í stofu 202
- Ræð líka hvað gerist ef það er eldur á afmörkuðu svæði. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að rýma allt húsið.

SAMANTEKT OG MAT

Starfsmenn eru sammála um að mikilvægt sé að rýmingaræfingin sé fastur liður í upphafi hvers skólaárs. Æfingin þetta skólaár gekk að mestu leyti vel og greinilegt að kennarar höfðu undirbúið nemendur vel þannig að allir komust fljótt og vel út úr húsinu.

Netkönnun starfsmanna bergmálar þá umræðu sem skapaðist meðal starfsmanna í kjölfar æfingarinnar. Í ljósi þeirra athugasemda sem fram koma gerir áfallaráð eftirfarandi tillögur um úrbætur:

- Eignasvið beðið um að bæta við bjöllum við gryfju. Skoðað hvort hægt sé að auka hljóðstyrk viðvörunarbjalla.
- Skólinn setur upp reykskynjara í útihús 1 og 2 og vasaljós/lukt í stofu 107.
- Skólinn kaupi betri þokulúður svo tilkynningar heyrist á körfuboltavelli.
- Farið yfir innanhúss símkerfi, athuga sérstaklega að hægt sé að hringja í öll símanúmer úr símum í útihúsum.
- Rýmingarmöppur útbúnar fyrir alla kennara. Hver mappa geymir:
    - nafnalista yfir þá hópa sem viðkomandi kennir, kennari ber sjálfur ábyrgð á að uppfæra eftir þörfum
    - blýantur
    - skóhlífar
    - rautt og grænt spjald til að gefa deildarstjórum merki um manntal úti á körfuboltavelli
- Uppfæra myndir af neyðarútgöngum:
    - svo þær snúi rétt miðað við staðsetningu, svo þær séu skýrar (athuga sérstaklega st. 201, 202 og 203)
- Kynningar á rýmingaráætlun:
    - festa kynningu til starfsmanna í dagskrá skipulagsdaga. Bæta inn í kynninguna lýsingu á útgönguleiðum í skólanum og útskýra hvernig dyr lokast til að tryggja eldvarnarhólf í húsinu. Árétta að við rýmingu beri öllum starfsmönnum að fylgja fyrirmælum um rýmingu og að ávallt þurfi að rýma allt húsið vegna hættu á að reykur og eldur berist um loftræstikerfi.
    - festa kynningu til nemenda í dagskrá skólabyrjunar. Bæta inn í kynninguna lýsingu á útgönguleiðum í skólanum og útskýra hvernig dyr lokast til að tryggja eldvarnarhólf í húsinu. Útskýra myndir af neyðarútgöngum sem staðsettar eru í hverri stofu.
- Skilgreina „dyraverði“ sem beina nemendum út úr húsinu og tryggja að enginn fari aftur inn í bygginguna fyrr en slökkvilið/skólastjóri hefur gefið merki.
- Skilgreina betur hvernig kennarar og hópar raða sér upp á körfuboltavelli og hvenær sé í lagi að færa sig þaðan.
- Skilgreina leiðir til að safna saman nemendum sem eru í eyðum.
- Áfallaráð uppfærir rýmingaráætlun og birtir á heimasíðu skólans. Athuga sérstaklega:
    - ekki tala um „sírenu“ því neyðarhringingin er mun mildari en sírena
    - fjalla um eldvarnarhólf og útgönguleiðir, sérstaklega úr stofum sem fara út á þakið.
    - endurskilgreina hvernig manntal er framkvæmt og hver geri hvað í þeim efnum.
- Undirbúa samstarf við slökkvilið fyrir næstu rýmingaræfingu.
    - Biðja um aðstoð við að skilgreina leiðir niður af þökum
    - Biðja um aðstoð við að skilgreina skilvirkt manntal á skólalóð
    - Kanna hvort vanti slökkvitæki í eldhús starfsmanna
    - Biðja um skýringar á tengingu útihúsanna og aðalbyggingar. Á að rýma útihús ef kviknar í aðalbyggingu og öfugt? Á að hringja í útihúsin og láta kennara þar vita stöðu mála?

ÁFALLARÁÐ GARÐASKÓLA

25. NÓVEMBER 2013